

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð V. Gigas's **75** handa duglegum íslenskum fiskimönnum, útgefin á venjulegan hátt ad manda- **10. júní** tum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir styrktarsjóð V. Gigas's handa duglegum íslenskum fiskimönnum.

1. gr.

Stofntje sjóðsins er 3000 krónur, sem eptir samkomulagi á skiptunum (eptir stórkaupmann V. Gigas) verða útborgaðar með veðskuldabryjfi, útgefnu 12. nóvbr. 1895 af stjórnarnefnd fábjánastofnunarinnar á »Gamle Bakkehus og Ebberödgaard«. Vextir af skuldabryjfi þessu eru 4% og veðið »matr« nr. 66 K. á »Frederiksberg«.

2. gr.

Nefnt veðskuldabryjef verður ad loknum skiptunum með samþykki dómsmálastjórnarinnar afhent yfirfjárráðastofnuninni í Kaupmannahöfn, og nýtur ekkja gefandans (seinni kona hans), frú Caroline Sophie Margrethe Gigas, fædd Grinmenstein, vaxtanna af skuldarbryjfinu æfilangt.

3. gr.

Eptir dauða frú Caroline S. M. Gigas's tekur landshöfðinginn yfir Íslandi við stjórn styrktarsjóðsins. Samkvæmt ósk stofnanda styrktarsjóðsins á stofnfjéð, ef hægt er, einnig þareptir ad standa inni í yfirfjárráðastofnuninni, þannig ad vextirnir sjeu fyrir hvert missiri greiddir til landshöfðingja. Samt hefir hann rjett til, hvenær sem vill, ad heimta stofntjed útborgað sjer úr yfirfjárráðastofnuninni, og sjer hann þá framvegis um tilhlýðilega og tryggilega ávöxtun fjársins.

4. gr.

Þegar landshöfðinginn hefir tekið við stjórn styrktarsjóðsins, veitir hann árlega vexti sjóðsins tveim fiskimönnum, öðrum á Ísafirði og hinum í Reykjavík, sinn helming vaxtanna hvorum, til útvegunar veiðarfærum, svo sem eru net, bátar o. s. frv. Styrknjótendur skulu vera atorkusamir, duglegir og reglusamir menn. Styrkinn má veita hinum sömu í tvö ár í röð, og, ef sjerstakleg ástæða er til þess, jafnvel 3 ár í röð.

5. gr.

Landshöfðinginn yfir Íslandi kveður nákvæmara, með samþykki ráðaneytisins fyrir Ísland, á um reikningsskil sjóðsins og endurskoðun, svo og um eptirlit með því, ad stofnfje stjóðsins eyðist ekki.

Kaupmannahöfn 21. janúar 1898.

Hindenburg.

E. Schönberg.

Samkvæmt 5. gr. framanritaðrar skipulagsskrár er svo ákveðið:
Þegar styrktarsjóðurinn er kominn í hendur landshöfðingja, ber honum

75 að gera opinberlega reikningsskil fyrir sjóðnum, alveg á sama hátt eins og 10. júní fyrir fje annara opinberra sjóða, er undir stjórn hans eru.

Reykjavík 26. apríl 1898.

Landshöfðinginn yfir Islandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

76
27. júlí

Auglýsing

Yfirstjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi gjörir hjer með samkvæmt 13. gr. laga 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan spítala, kunnugt öllum almenningi og sér í lagi hér- aðslæknum og aukalæknum, og sveitar- og bæjarstjórnnum, að spítali sá handa holdsveikum mönnum, sem verið er að byggja í Lauganesi við Reykjavík, verður fullgjör og til afnota 1. október næstkomandi.

Frá þeim degi verða holdsveikir menn, sem yfirstjórn spítalans hefir veitt inntöku á spítalann, teknir til hjúkrunar þar.

Umsóknir um inntöku á spítalann skulu stýlaðar til spítalalæknisins, en sendar hlutadeigandi hjerads- eða aukalækni, sem ritar á þær álit sitt, og sendir þær síðan til spítalalæknisins. Þegar beðið er um inntöku fyrir holdsveikan mann samkvæmt 7. og 8. gr. fyrnefndra laga, skal hlutadeigandi sveitar- eða bæjarstjórn semja og undirskrifa umsóknina, en annars semur sjúklingurinn umsóknina sjálfur eða fjárráðamaður hans, sé hann eigi fullveðja, sbr. 4. gr. í lögum 4. febr. 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

Umsóknir, sem ritaðar eru fyrir 1. október þ. á., skulu sendar meðundirskrifuðum hjeradslækni Guðmundi Björnssyni í Reykjavík.

Í umsókninni skal standa fullum stöfum skírnarnafn hins holdsveika og föðurheiti, aldur, fæðingarstaður, og heimili; sje sjúklingurinn fulltíða, skal þess getið, hvort hann sé giptur, og hvort hann eigi börn. Ennfremur skal, að svo miklu leyti, sem unt er, gjöra grein fyrir því í umsókninni, hvort holdsveikin sje hnútótt eða sljett og á hvaða stígi hún sje. Þess skal einnig getið, hvort sjúklingurinn hafi eða hafi áður haft nokkurs konar geðveiki, og að lokum, hvort nokkrar sérstakar ástæður mæli með eða móti inntöku hans á spítalann.

Hver holdsveikur maður skal hafa með sjer tvönnan sæmilegan alfatnað, þegar hann kemur á spítalann, þar með talinn nærfatnað. Ef sjúklingurinn deyr á spítalanum, eignast spítalinn fót hans. Ef eitthvað vantar í fatnað hins holdsveika þegar hann kemur, eða álitu ráðsmaður eitthvað af honum miður nýtilegt, þá ber að útvega það, sem á vantar á kostnað þess, er sótti um inntöku á spítalann.

Engan má senda á spítalann, nema fengið sje leyfi yfirstjórnarinnar til inntökunnar.

Yfirstjórn holdsveikraspítalans, Reykjavík 27. júlí 1898.

J. Havsteen. J. Jónassen. G. Björnsson.